

Borgarstjórn Reykjavíkur
6. febrúar 2024

Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um smáhýsin í Reykjavík

Smáhýsi eru búsetuúrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og eru hugsuð fyrir fólk sem hefur verið heimilislaust og þarf mikla þjónustu. Úrræðið er hluti af velferðarstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 15. júní 2021.

Óskað er eftir að umræðan snúist m.a. um hvernig hafi almennt gengið með úrræðið, hvað hefur gengið vel, hverjir eru helstu hnökranir og hvernig hafa samskipti gengið milli íbúa smáhýsanna og nággranna þeirra.

Einnig er óskað eftir að fram komi í umræðunni hvort velferðaryfirvöld í Reykjavík ætli að fjölga enn frekar smáhýsum af þessu tagi í borgarlandinu eða hvort eigi að horfa til annars konar búsetuúrræða fyrir fólk sem á hvergi heima.